

## ICF Nordic, Iceland Chapter

1. Félagsfundur haldinn fimmtudaginn 11. desember 2008 í húsnæði Leiðtoga ehf, Klapparstíg 25-7.

Mættir. Bergsteinn Ísleifsson, Jón Bjarni Bjarnason, Grétar Eggertsson og Högni Óskarsson.

### Boðuð dagskrá:

- Breytingar í ICF Nordic kynntar
- Kosning stjórnar
- Samþykktir félagsins, nýjar samþykktir í samræmi við fyrirhugaðar breytingar.
- Starfsemi ICF Nordic, Iceland Chapter 2009
- Önnur mál.

1. Bergsteinn Ísleifsson setti fundinn. Dagskrá var samþykkt og um leið ákveðið að þessi fundur væri félagsfundur og jafnframt kjörfundur skv. laganna hljóðan. Fram kom að félagar eru nú talsins.

2. **ICF Nordic, breytingar:** Bergsteinn rakti sögu ICF Nordic og fyrirhugaðar breytingar á tilgangi og hlutverki félagsins. Tilgangur félagsins verður networking milli ICF félagana á norðurlöndum. Aðildarfélög í hverju landi (Danmörk, Noregur, Svíþjóð, Finland og Ísland) eru félagar, fulltrúar eru President og President-Elect í hverju landi. Hlutverk president í ICF Nordic mun rotera milli landa og árið 2009 verður President frá Finlandi og President-Elect frá Íslandi.

Aðildarfélög greiða ekki gjöld til ICF Nordic fyrstu árin því sjóður félagsins mun standa undir kostnaði. Það sem eftir verður í sjóði ICF Nordic mun greiðast út til aðildarfélaganna í hlutfalli við félagafjölda 1.jan n.k.. Nýjar samþykktir hafa verið gerðar fyrir ICF Nordic og þurfa norrænu ICF-félögin að breyta sínum samþykktum til samræmis.

3. **Kosning stjórnar:** Samróma niðurstaða fundar var að Bergsteinn Ísleifsson var kjörinn formaður, verðandi formaður (varaformaður) er Jón Bjarni Bjarnason, ritari er Brita Berglund, varamenn Grétar Eggertsson og Högni Óskarsson. Ný stjórn tekur til starfa nú þegar, og starfar til ársloka 2009.

4. **Breytingar á samþykktum:** Bergsteinn lagði fram tillögu til breytingar á samþykktum félagsins. Hafði hann samræmt fyrri samþykktir ICF Nordic, Iceland Chapter, þeim breytingum sem gerðar hafa verið fyrir ICF Nordic Network. Tillögurnar voru samlesnar við eldri gerð og lagfæringar gerðar. Formaður mun senda nýju útgáfuna til yfirlestrar fyrir félagsmenn og óska eftir efnislegum athugasemdum, séu einhverjar. Athugasemdir þurfa að hafa borist fyrir miðvikudaginn 17. desember.

5. **Starfsárið 2009:** Samþykkt var að taka upp viðræður við stjórn FMÍ um samstarf á árinu.

6. **Önnur mál:** Engin.

Reykjavík 11. desember 2008.

Högni Óskarsson  
fundarritari